


Alþingi
Erindi nr. Þ 126/1982
komudagur 23. 4. 2001



ÞJÓÐHAGSSTOFNUN

20. apríl 2001

Nefndasvið Alþingis,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík

Vísað er til beiðni efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis dagsett 10. apríl 2001, þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands, 675. mál. Hér með fylgir umbeðin umsögn

Virðingarfyllst,

Þórður Friðjónsson,
forstjóri

Umsögn um frumvarp til laga um Seðlabanka Íslands, 675. mál

Í frumvarpi til laga um Seðlabanka Íslands felast nokkrar grundvallarbreytingar sem geta haft mikil áhrif á hagstjórnina og Þjóðhagsstofnun telur mjög til bóta. Fyrst ber að telja aukið sjálfstæði bankans. Með þessu skrefi er girt fyrir að hugsanlegir stundarhagsmunir stjórnvalda hafi óæskileg áhrif á hagstjórn. Í öðru lagi er stöðugt verðlag tiltekið sem meginmarkmið Seðlabanka Íslands. Ljóst er að þar sem bankinn hefur einungis eitt stjórnþæki hefur hann ekki tök á að ná nema einu markmiði. Það er ekki augljóst hvert þetta eina markmið á að vera en eins og bent er á í grein Þórarins G. Péturssonar í riti Seðlabankans, Peningamálum, á síðasta ársfjórðungi síðasta árs er verðbólga að mati flestra hagfræðinga peningalegt fyrirbæri til lengri tíma. Því er eðlilegt að markmið peningastefnunnar sé stöðugt verðlag. Auk þess er verðbólguþæki vel skiljanlegt og styður því við markmið um aukið gagnsæi. Áhersla á verðbólgu við stjórn peningamála hentar íslensku hagkerfi mun betur en stefna sem byggir á gengissfestu. Sagan hefur sýnt að sveiflur í þjóðarbúskapnum geta verið töluverðar og á skjön við hagsveiflur í öðrum löndum. Fastgengisstefna hamlar getu Seðlabankans til að berjast gegn hækkun verðlags í uppsveiflum og verðhjöðnun í niðursveiflum, þ.e. getu hans til sveiflujöfnunar í hagkerfinu.

Í þriðja lagi stuðla þær breytingar sem frumvarpið mælir til um að gagnsæi í ákvörðunartöku. Annars vegar er þetta gert með því að kveða á um að opinberlega skuli gerð grein fyrir ákvörðunum bankastjórnar í peningamálum og forsendum þeirra og hins vegar með ákvæði um að bankinn geri eigi sjaldnar en ársfjórðungslega grein fyrir stefnu sinni í peningamálum. Gagnsæi í hagstjórn er ávallt mikilvægt þannig að einstaklingar og fyrirtæki byggi ákvarðanir sínar á sem bestum upplýsingum. Stjórn peningamála við verðbólguþæki gerir raunar ríkar kröfur til Seðlabankans að þessu leyti. Stefna sem byggir á verðbólguþæki mun óhjákvæmilega taka mið af verðbólguþæki bankans allt að 2 ár fram í tímann. Verðbólguþæki eru töluverðri óvissu háðar og skoðanir á verðbólguþæki kunna að vera mjög skiptar. Því er mjög mikilvægt að ljóst sé hvaða forsendur liggja að baki þæki, og þ.a.l. aðgerðum, bankans. Ýmsar aðrar breytingar eru einnig til bóta í frumvarpinu, t.a.m. lögfesting þess að Seðlabankanum sé óheimilt að veita ríkissjóði, sveitarfélögum og opinberum stofnunum lán, enda getur slík lánaþyrnging staðið peningastefnunni fyrir þrifum.

Eins og áður segir telur Þjóðhagsstofnun frumvarpið bæta mjög umgjörð peningastefnunnar. Þó mætti ganga enn lengra er varðar skyldur Seðlabankans um upplýsingagjöf. Til dæmis mætti kveða á um reglubundna vaxtaákvörðunarfundi. Seðlabankanum væri þá jafnskyld að skýra ákvarðanir um óbreytta vexti eins og breytingar á þeim. Einnig væri til bóta ef lögin kvæðu á um að Seðlabankanum bæri að senda ríkisstjórn greinargerð ef verðbólga færi út fyrir þolmörk yfirlýsts verðbólguþækis og að þessi greinargerð yrði gerð opinber innan ákveðins tíma frá því að þolmörkin væru rofin. Þá mætti huga að öðru fyrirkomulagi við ákvarðanir í peningamálum en kveðið er á um í frumvarpinu. Í 24 gr. frumvarpsins segir að bankastjórn skuli setja starfsreglur um undirbúning, rökstuðning og kynningu

ákvarðanna sinna í peningamálum. Þannig eru ákvarðanir formlega bankastjórnarinnar þó fleiri muni koma að undirbúningi þeirra. Í samræmi við þær áherslur á fagleg vinnubrögð sem koma fram í frumvarpinu telur Þjóðhagsstofnun að til álita komi að kveða á um faglega peningamálanefnd sem tæki ákvarðanir í peningamálum. Val í slíka nefnd gæti t.a.m. tekið mið af skipan þessara mála í Englandi (ágætt yfirlit er að finna í áðurnefndri grein Þórarins G. Péturssonar í Peningamálum Seðlabankans). Sæti í nefndinni gætu átt bankastjórn, aðal­hagfræðingur bankans og einn eða fleiri utanaðkomandi aðilar. Brýnt væri að fagleg sjónarmið væru höfð að leiðarljósi við val allra nefndarmanna.